

## Mouvement raëlien suisse gegen Sviss

Dómur frá 13. júlí 2012 - Yfirdeild

Mál nr. 16354/06

10. gr. Tjáningarfrelsi

*Félagasamtök. Tilgangur félags. Auglýsingar. Svigrúm til mats.*

### 1. Málsatvik

Kærandi, Mouvement raëlien suisse, sem stofnað var árið 1977, eru samtök sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni og hafa þann tilgang að komast í samband við geimverur. Árið 2001 sótti kærandi um leyfi lögreglu til þess að hengja upp á almannafæri veggspjöld með auglýsingu þar sem birtist mynd af geimveru og fljúgandi disk, ásamt símanúmeri og heimasíðu samtakanna. Yfirvöld höfnuðu umsókninni á þeim grundvelli að starfsemi samtakanna væri siðlaus og færi gegn allsherjarreglu. Samtökin eru fylgjandi stjórnskipulagi sem byggja á svokölluð snillingaræði (*geniocracy*) þar sem m.a. verði lögð áhersla á klónun manna. Þá hafði innlendur dómstóll áður úrskurðað að fræðilega séð styddu samtökin misnotkun barna og sífjaspell. Einnig hafi verið kvartað yfir samtökunum til lögreglu yfirvalda sökum kynferðislegra athafna með börnum.

Kærandi hélt því fram að bann við því að félagið hengdi upp veggspjöld fæli á sér ritskoðun og ekkert væri athugavert við það eitt og sér að styðja ofurmannaræði, klónun og nautnahugleiðslu. Bannið var staðfest með dómi árið 2005. Var þar áréttað að þótt samtökin nytu skoðanafrelsis og trúfrelsis, þá væru skoðanir þess og gagnrýni á lýðræðisskipulagið líkleg til að grafa undan allsherjarreglu og öryggi, ásamt almennu siðferði.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi hélt því fram að synjun yfirvalda á umsókn hans um leyfi til þess að hengja upp veggspjöld um starfsemi samtakana bryti gegn tjáningarfrelsi hans samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

#### *Niðurstaða*

Óumdeilt var að synjun á erindi kæranda byggðist á lagaheimild og stefndi að því að fyrirbyggja glæpi og vernda heilsu, siðferði og réttindi annarra. Það var ólíkt þessu máli og öðrum er dómstóllinn hafði fjallað um að kærandi þurfti ekki að þola almennt bann við tjáningu tiltekinna skoðana heldur bann við að nýta almannarými til að hengja upp veggspjöld. Dómstóllinn áréttaði að einstaklingar ættu ekki óskoraðan rétt til að nýta almannarými til að setja upp veggspjöld sem lið í auglýsingaherferðum.

Dómstóllinn áréttaði að svigrúm ríkja til að takmarka tjáningarfrelsi væri þröngt á sviði stjórnmálaumræðu en væri rýmra þegar kæmi að umræðu sem verið gæti móðgandi með tilliti til siðferðis og trúarbragða og í auglýsingum tengdum viðskiptum. Auglýsing kæranda væri næst því að vera viðskiptaauglýsing, þar sem henni var ætlað að hvetja fólk til að ganga í samtökin. Þótt markmið hennar hafi ekki verið ætlað að auglýsa tiltekna vöru þá bæri hún einkenni auglýsingar í viðskiptaskyni og fæli í sér áróður.

Eftirlit með því hvaða auglýsingar megji birta á almannafæri vegna herferða, sem ekki eru tengdar stjórnmálaumræðu, væri í eðli sínu mismunandi milli ríkja, og jafnvel mismunandi innan sama ríkis ef það væri í höndum staðbundinna stjórnvalda. Dómstóllinn benti á að fjallað hefði verið um bannið af fimm mismunandi stjórnvöldum og hefði það verið ítarlega rökstutt. Réði þar mestu um synjunina að kærandi styddi opinberlega klónun á mönnum auk þess sem hugmyndastefna hvetti til kynferðisofbeldis gegn börnum. Þótt flestar þessara ástæðna myndu ekki einar og sér leiða til synjunar verði að fara fram heildstætt mat á öllum aðstæðum sem styddi að synjunin væri nauðsynleg til að vernda heilsu, siðferði og réttindi annarra ásamt því að fyrirbyggja glæpi.

Dómstóllinn benti hins vegar á að bannið næði einungis til birtingar á almannafæri. Því væri um minniháttar skerðingu réttinda að ræða og gætu samtökin eftir sem áður kynnt og tjáð hugmyndir sínar

á vefsíðu sinni og í dreifiritum. Komst dómstóllinn því að þeirri niðurstöðu að svissneska ríkið hefði ekki farið út fyrir það svigrúm sem það hefði til mats á skerðingu tjáningarfrelsis. Var því ekki fallist á að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda samkvæmt 10. gr.